

Ársskýrsla 2007



Ársskýrsla 2007

Efnisyfirlit

	Bls.
Ávarp formanns	3
Stjórn og starfslið	4
Ársfundur	5
Iðgjöld	6
Lífeyrir	8
Fjárfestingar á árinu	9
Lánareglur	9
Verðbréfaeign í árslok	11
Fjárfestingastefna	12
Ávöxtun	13
Tryggingafræðileg úttekt – Skuldbindingar	14
Ársreikningur	15

Forsíðumynd er tekin við Austara-Land í Öxarfirði

Umsjón og hönnun: Sigurbjörg Björnsdóttir

Forsíðumynd: Páll Reynir Pálsson

Myndvinnsla forsíðu: Árdís Jóna Pálsdóttir

Prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.

Letur: Times New Roman

Ávarp formanns

Inngangur

Lífeyrissjóður bænda tók til starfa 1. janúar 1971. Um sjóðinn fer samkvæmt lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samkvæmt þessum lögum voru sjóðnum fyrst settar samþykktir sem tóku gildi 1. júlí 1999. Nokkrar breytingar hafa síðan verið gerðar á lögum og samþykktum sjóðsins. Nýjar samþykktir fyrir sjóðinn vegna hækkunar mótframlags úr 6 í 8%, breytingar á viðmiðunarvísitölu tekna örorkulífeyrisþega fyrir örorku úr vísitölu neysluverðs í launavísitölu og ákvæði um að barnalífeyrisupphæðir breytist árlega breytt í mánaðarlega voru staðfestar 23. júlí 2007. Hækkun mótframlags kom til framkvæmda 1. janúar 2007 samkvæmt lagasetningu.

Fjárvarsla og ávöxtun

Engar breytingar hafa verið gerðar á fjárvörslu verðbréfasafns sjóðsins. Verðbréfasafnið, utan sjóðfélagalána sem eru í vörslu lífeyrissjóðsins, er í vörslu Glitnis (58%), Kaupþings (20%) og Landsbanka (21%). Hrein raunávöxtun sjóðsins að meðaltali síðustu fimm ár hefur verið tæp 7% á ári og nafnávöxtun tæp 12%.

Þróun á mörkuðum

Árið 2007 var að mörgu leyti frábrugðið undanförunum árum. Í byrjun árs ríkti almenn bjartsýni enda ávöxtun seinustu ára mjög góð. Skjótt skipast þó veður í lofti. Þrátt fyrir góða afkomu helstu fyrirtækja landsins urðu ákveðin kaflaskil um mitt árið þegar verð hlutabréfa tók að síga í kjölfar umróts á erlendum mörkuðum. Þessar lækkanir einskorðuðust ekki einungis við Ísland heldur fór að bera á almennri svartsýni á flestum hlutabréfamörkuðum. Á seinni hluta ársins lækkaði Úrvalsvísitalan og þá sérstaklega skarpt á seinustu tveimur mánuðum ársins. Þegar upp var staðið var ávöxtun af innlendum hlutabréfum neikvæð um 1,4% en hún hefur verið jákvæð á síðustu árum, oftast verulega. Vegur þar þyngst mikil lækkun bankanna og fjárfestingafélaganna en samanlagt mynda þau fyrirtæki stærstan hluta af íslenska markaðnum. Á sama tíma lækkaði heimsvísitala hlutabréfa mælt í krónum, að teknu tilliti til arðgreiðslna, um 3,0%.

Skuldabréfamarkaðurinn var með líflegri móti á árinu. Framan af ári væntu margir að Seðlabankinn hæfi vaxtalækkunarferli sitt síðar á árinu. Það gekk þó hinsvegar ekki eftir sem olli því að ávöxtun skuldabréfa var ekki eins mikil og búist var við. Þetta háa vaxtastig hafði eflaust einnig sitt að segja um gengi krónunnar. Þrátt fyrir að gengisþróunin hafi að miklu leyti leiti ráðist af framgangi og afleiðingum þess óróa sem ríkti á alþjóðamörkuðum hélst gengi hennar sterkt.


Breytingar á árinu 2007

Helstu breytingar á árinu var hækkun mótframlags úr 6% í 8% og upptaka blandaðrar réttindaávinnslu, þ.e. aldurstengdrar og jafnrar ávinnslu. Flestir sjóðfélagar Lífeyrissjóðs bænda eiga rétt á að greiða í jafna ávinnslu sem veitir sömu réttindi og áður. Hámark þessarar ávinnslu miðast við það iðgjald sem sjóðfélagi greiddi á árinu 2003 en umframgreiðslur fara í aldurstengda ávinnslu. Aldurstengd ávinnsla er fölginn í því að sjóðfélagar fá meiri réttindi fyrir iðgjald sitt eftir því sem þeir eru yngri.

Lokaorð

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum, starfsfólki sjóðsins, endurskoðendum, tryggingafræðingi og fulltrúum verðbréfafyrirtækjanna fyrir vel unnin störf á árinu 2007. Forsvarsmenn Bændasamtakanna eiga einnig þakkir skildar fyrir gott samstarf.

Sjóðfélögum og lífeyrisþegum sjóðsins óska ég velfarnaðar í framtíðinni.



Skúli Bjarnason
formaður stjórnar

Stjórn og starfslið

Stjórn

Í stjórn Lífeyrissjóðs bænda sitja fimm menn. Stjórnin er skipuð af fjármálaráðherra til fjögurra ára í senn. Núverandi stjórn sjóðsins var skipuð með bréfi fjármálaráðherra, dagsettu 19. desember 2006, og er skipuð eftirtöldum aðilum frá 1. janúar 2007 til ársloka 2010:

Aðalmenn:

<i>Tilnefndir af:</i>	<i>Hæstarétti:</i>	Skúli Bjarnason, formaður,
	<i>Landbúnaðarráðherra:</i>	Loftur Þorsteinsson
	<i>Bændasamtökum Íslands:</i>	Guðmundur Grétar Guðmundsson
	“ “	Örn Bergsson
<i>Án tilnefningar:</i>		Lilja Sturludóttir

Varamenn:

<i>Tilnefndir í sömu röð:</i>	Bjarni Þór Óskarsson
	Sigurlaug Gissurardóttir
	Sigríður Bragadóttir
	Hörður Harðarson
	Ingvi Már Pálsson

Á árinu 2007 voru haldnir tíu stjórnarfundir, sá fyrsti 9. janúar og lokafundur 26. nóvember. Stjórnarfundir eru að jafnaði ekki færri en níu til tíu á ári og yfirleitt haldnir mánaðarlega í janúar til júní og í september til nóvember. Af þeim eru fjórir fundir þar sem fulltrúar verðbréfafyrirtækjanna, sem sjá um ávöxtun fjármuna sjóðsins, leggja fram yfirlit yfir eignir og ávöxtun í lok hvers ársfjórðungs, fara yfir hreyfingar sem hafa átt sér stað á tímabilinu og almenna þróun og horfur á mörkuðum. Fleiri fundir eru haldnir eftir þörfum.

Starfsmenn

Hjá lífeyrissjóðnum störfuðu eftirtaldir starfsmenn á árinu 2007:

Sigurbjörg Björnsdóttir	framkvæmdastjóri
Borghildur Jónsdóttir	bókhald, lánainnheimta
Erla Stefánsdóttir	innheimta iðgjalda
Sigrún Þóra Björnsdóttir	lífeyrismál, gjaldkeri, lánamál

Annað starfslið

Fyrirtækið Deloitte hf. hefur séð um innri og ytri endurskoðun lífeyrissjóðsins. Innri endurskoðun er í höndum Sifjar Einarsdóttur og fór hún að mestu fram í maí og september 2007. Ytri endurskoðun er í höndum Bjargar Sigurðardóttur.

Lífeyrissjóður bænda er aðili að samningi um örorkumöt sem Landssamtök lífeyrissjóða gerði við hóp lækna en í forsvari fyrir hópnum er Júlíus Valsson.

Aðal tengiliðir fjárvörsluaðilanna eru nú: Fyrir Glitni Haraldur Gunnarsson og Halldóra Skúladóttir; fyrir Landsbanka Friðrik Nikulásson og Valgeir Geirsson og fyrir Kaupþing Marínó Örn Tryggvason og Hjörleifur Arnar Waagfjörð.

Greiðslustofa lífeyrissjóða sér um lífeyrisgreiðslur og ýmsar lífeyrisvinnslur fyrir sjóðinn. Init ehf. sér um rekstur Jóakim lífeyrissjóðakerfisins.

Tryggingafræðingur lífeyrissjóðsins er Steinunn Guðjónsdóttir tryggingastærðfræðingur.

Ársfundur 2007

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda 2007 var haldinn 7. mars í Bændahöllinni í tengslum við Búnaðarþing. Hann var felldur inn í dagskrá þingsins og fjölmenntu Búnaðarþingsfulltrúar á fundinn. Á ársfundi skal taka fyrir eftirfarandi mál:

- | | | |
|--------------------------|-----------------------------|--|
| 1. Skýrslu stjórnar | 3. Tryggingafræðilega stöðu | 5. Tillögur um breytingar á samþykktum |
| 2. Kynningu ársreiknings | 4. Fjárfestingastefnu | 6. Önnur mál |

Skýrsla stjórnar

Skúli Bjarnason, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar og rakti í stórum dráttum helstu þætti starfseminnar á árinu 2006 og helstu stærðir varðandi afkomu sjóðsins. Hann kvaðst hafa tekið við formennsku hjá sjóðnum 1. janúar 2007, hefði tekið við góðu búi og þakkaði fyrrverandi formanni það. Þá þakkaði hann stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins vel unnin störf.

Hann gat þess að þetta væri í fyrsta sinn sem ársfundur sjóðsins væri haldinn í tengslum við Búnaðarþing og kvaðst reikna með að framhald yrði á því ef vel tækist til. Hann kynnti nýtt lagaákvæði um iðgjöld bænda, en með lögum nr. 167/2006, V. kafla, var mótframlag á móti iðgjöldum í Lífeyrissjóð bænda hækkað úr 6% í 8% frá 1. janúar 2007. Hann vakti athygli á 8,64% hreinni raunávöxtun sjóðsins 2006 og sagði að þeir sjóðir sem væru með hærri ávöxtun byggðu á meiri áhættu. Staða sjóðsins er bærileg og eignir umfram heildarskuldbindingar 9,8% og nálgast það að hægt sé að auka lífeyrisgreiðslur og er það mjög jákvætt. Aldurstenging réttinda hjá sjóðnum tók gildi 1. janúar 2007. Réttindi í aldurstengdu kerfi eru háð aldri greiðandi sjóðfélaga þannig að því yngri sem greiðandi sjóðfélagi er þeim mun hærri réttindi fær hann.

Að lokum ræddi formaður brýnustu hagsmunamál sjóðsins. Í fyrsta lagi að greiðsla mótframlags úr ríkissjóði dugi áfram á móti iðgjöldum allra bænda og að hún verði tryggð til frambúðar. Í öðru lagi væri ávöxtun sjóðsins mjög mikilvægur þáttur. Í þriðja lagi að eignir verði það miklu hærri en skuldbindingar að unnt verði að auka réttindi sjóðfélaga. Í fjórða lagi væri það hagsmunamál allra lífeyrissjóða og lífeyrisþega að greiðslur úr sjóðunum skertu ekki greiðslur úr Tryggingastofnun ríkisins, alla vega ekki í eins ríkum mæli og nú er.

Ársreikningur

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Sigurbjörg Björnsdóttir, gerði grein fyrir helstu stærðum og kennitölum og skýrði ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006. Þá var einnig farið yfir lánareglur og lánveitingar á árinu.

Tryggingafræðileg úttekt

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir niðurstöður úttektarinnar en eignir umfram heildarskuldbindingar námu í árslok 2006 2.336 mkr. eða 9,8% af skuldbindingum. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar námu 3.954 mkr., eða 22,1% af skuldbindingunum. Halli framtíðarskuldbindinga nam 27,7%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var betri en í árslok 2005.

Fjárfestingastefna og ávöxtun eigna

Fulltrúi Landsbankans, Valgeir Geirsson, kynnti fjárfestingastefnu sjóðsins 2007, eignasamsetningu, fjárfestingar og þróun markaða. Skuldabréfaeign sjóðsins er hlutfallslega heldur hærri en gerist og gengur hjá öðrum lífeyrissjóðum. Þetta má sjá með samanburði við lífeyrissjóðakerfið í heild. Mestur munur er á skuldabréfaeign með ríkisábyrgð. Framboð á slíkum bréfum fer nú minnkandi og fyrirsjáanlegt er að breytingar muni verða á íbúðalánakerfinu. Þá eru líka komin önnur bréf sem þykja meira spennandi. Mikil verðbólguhrina kom í kjölfar veikingar krónunnar á fyrri helmingi ársins 2006. Stýrivextir Seðlabankans hækkuðu hratt og ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa hækkaði á síðari helmingi ársins eftir að krónan tók að styrkjast á nýjan leik og óvissu um erlenda fjármögnun íslensku bankanna var eytt. Hann kvað útlitið vera ágætt á árinu 2007. Vextir gætu farið að lækka eitthvað, en það gæti orðið seint á árinu. Við það færi skuldabréfahlutinn að gefa betur af sér.

Tillaga um breytingar á samþykktum

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögu að breytingum á samþykktum fyrir sjóðinn. Þótt mótframlagi í sjóðinn hafi verið breytt með lögum, sbr. ofanritað, og hún hafi tekið gildi 1. janúar var nauðsynlegt að breyta einnig ákvæði um það í samþykktunum. Þá var ennfremur gerð orðalagsbreyting varðandi eindaga á iðgjaldagreiðslum. Tilgangurinn með breytingunum var að uppfylla lagaákvæði varðandi mótframlagið og að samræma ákvæði um eindaga iðgjalda.

Önnur mál

Þar sem fundurinn var nú haldinn í tengslum við Búnaðarþing voru nokkrir fundarmenn sem kvöddu sér hljóðs og voru það mikil viðbrigði frá fyrri fundum. Buðu þeir nýjan formann velkominn og lýstu ánægju sinni með þetta fyrirkomulag. Mönnum varð tíðrætt um mótframlag vegna bænda og nauðsyn þess að tryggja það til frambúðar. Þá ræddu þeir um lífeyrisgreiðslur, fjárfestingastefnu og eignasamsetningu, stöðu og rekstur sjóðsins, hvort leggja skyldi andvirði Hótelis Sögu í lífeyrissjóðinn, ef það yrði selt, og hvort unnt væri að tryggja að eldri sjóðfélagar, þeir sem í raun ættu hótelið, gætu notið góðs af því umfram aðra sjóðfélaga.

Formaður kvaðst í fljótu bragði ekki telja að lagaheimild væri fyrir slíkri aldurstengingu á inngreiðslu í sjóðinn. Einnig væru tæknilegir örðugleikar varðandi framkvæmdina. Svarið á þessu stigi væri einfaldlega nei.


Aukaársfundur

Aukaársfundur var haldinn 4. júní þar sem kynntar voru tvær breytingar á samþykktum sjóðsins. Í fyrsta lagi að viðmiðunartekjur örorkulífeyrisþega sjóðsins breytist framvegis miðað við þær breytingar sem verða á launavísitölu en ekki vísitölu neysluverðs. Í öðru lagi að barnalífeyrisupphæðir breytist nú mánaðarlega í stað árlega, eins og allar aðrar lífeyrisgreiðslur, miðað við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs.

Iðgjöld

Heildariðgjaldatekjur lífeyrissjóðsins á árinu 2007 námu 469,2 millj. króna, þar af námu iðgjöld sjóðfélaga 157,9 millj. króna, mótframlög 308,2 millj. króna og réttindaflutningur nettó 3,2 millj. króna.

Skipting heildariðgjaldatekna á árinu 2007




Iðgjöld sjóðfélaga eru 4% af launum. Hjá bændum miðast iðgjöld við reiknað endurgjald í landbúnaði eða greidd laun þar sem búrekstrarformi er þannig háttað, sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 12/1999.

Bókfærð iðgjöld bænda fyrir tekjuárið 2007 námu 116,1 millj. króna og launþega 16,8 millj. króna. Áætluð viðbótariðgjöld fram að eindaga í lok janúar 2008 nema samtals 18,9 mkr. Iðgjöld þessi samsvara alls 3.616 réttindastigum, 4.086 með áætluðum viðbótariðgjöldum. Á hverju ári berast sjóðnum einnig iðgjöld fyrir eldri ár.

Greiðandi sjóðfélagar voru 3.117 á árinu 2007 samanborið við 3.186 á árinu 2006. Fækkunin er að sjálfsögðu í takt við þá fækkun bænda sem átt hefur sér stað undanfarin ár.

Bókfærð stig árána 1971 - 2006 (handreiknuð 2007 til samanburðar)



Réttindaávinnsla


Réttindi í Lífeyrissjóði bænda voru fram til ársloka 2006 í jafnri réttindaávinnslu, þ.e. sjóðurinn var stigastjóður. Frá 1. janúar 2007 reiknast réttindi í krónum samkvæmt töflu sem fylgir samþykktum sjóðsins. Um er að ræða aldursháð réttindi sem ráðast af aldri sjóðfélaga í réttindamánuði. Allir sjóðfélagar yngri en 25 ára í árslok 2005 fá aldursháð réttindi og einnig þeir sem ekki uppfylla skilyrði til jafnarar réttindaávinnslu. Rétt til jafnarar ávinnslu réttinda hafa þeir sjóðfélagar sem eru 25 ára og eldri í árslok 2005, hafa greitt iðgjöld í sjóðinn í tiltekinn tíma fyrir 42 ára aldur og hefur verið úrskurðað viðmiðunariðgjald sem byggt er á greiddum iðgjöldum árið 2003. Réttur í jafnri ávinnslu miðast þá við allt að viðmiðunariðgjaldi en réttindi út á umframiðgjöld verða aldursháð.

Iðgjaldagreiðendur

Lífeyrissjóður bænda innheimtir iðgjöld yfirstandandi árs af bændum sem reikna sér laun í landbúnaði og miðast innheimtan við reiknuð laun þeirra í staðgreiðslu samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra. Annars vegar er þeim haldið eftir af beingreiðslum en hins vegar innheimt með greiðsluseðlum. Félagsbú og einkahlutafélög, þar sem bændur greiða sér laun, standa skil á iðgjöldum rekstraraðila mánaðarlega. Mikilvægt er fyrir bændur að gæta þess að reiknuð laun í staðgreiðslu séu ávallt rétt skráð hjá skattfyrirvöldum til þess að innheimta verði sem réttust. Brýnt er og fyrir bændur að greiða iðgjöld sín reglulega til að tryggja réttindi sín og komast hjá óþarfa innheimtukostnaði. Launþegar í landbúnaði greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs bænda og skila launagreiðendur iðgjaldinu ásamt eigin mótframlagi til sjóðsins mánaðarlega. Bændur sem stunda atvinnu utan bús greiða einnig iðgjöld af þeim atvinnutekjum til sjóðsins ef þeir kjósa svo.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með greiðslum landsmanna í lífeyrissjóði og innheimtir sjóðurinn vangoldin iðgjöld samkvæmt innheimtubeiðni hans.

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga




Aldursdreifing

Aldursdreifing greiðandi sjóðfélaga er óhagstæðari en í flestum öðrum lífeyrissjóðum, meðalaldur er hærri. Á árinu 2007 voru 19,3% greiðenda undir 40 ára aldri og bókuð réttindi þeirra nema 21,4% af heildarréttindum ársins, 59,4% voru á aldrinum 40 - 59 ára og fá þeir 61,9% réttindanna. Sjóðfélagar 60 ára og eldri voru 21,2% og fá 16,7% af heildarréttindum. Konur voru 36,4% greiðandi sjóðfélaga á árinu 2007.

Ástæða þessarar aldersdreifingar er lítil nýliðun í bændastétt. Aldursdreifingin hefur áhrif á niðurstöður tryggingafræðilegs uppgjors sjóðsins að því leyti að skuldbindingar hans eru hærri eftir því sem greiðendur eru eldri. Tiltölulega skammur tími gefst þá til ávöxtunar þeirra iðgjalda sem gefa ellilífeyrisrétt eftir fá ár.

Aldursdreifing greiðandi sjóðfélaga 2007 eftir kyni




Lífeyrir

Heildarlífeyrisgreiðslur á árinu 2007 námu 793,3 millj. króna, sem var um 6,8% hækkun frá fyrra ári. Lífeyrir greiddur vegna áunninna réttinda hækkaði um 7,7% og nam 751,4 millj. króna. Lífeyrir vegna bænda fæddra 1914 og fyrr lækkaði um 7,1% og nam 41,9 millj. króna.

Frá 1. janúar 2007 fylgir lífeyrir breytingum á vísitölu neysluverðs mánaðarlega en hún hækkaði um 5,86% á árinu.

Á eftirfarandi mynd sést glöggst hvernig lífeyrir vegna áunninna réttinda hækkar um leið og uppbótarlífeyrir til bænda fæddra 1914 og fyrr og maka þeirra lækkar. Fjöldi þeirra er njóta þess lífeyris var 243 í desember 2007, þar af 21 sem naut ellilífeyris.

Lífeyrir 1985 – 2007 á verðlagi ársins 2007




Á árinu 2007 var greiddur lífeyrir til 3.788 einstaklinga. Taflan sýnir fjölda lífeyrisþega sem njóta áunnins lífeyris í árslok 2007, hlutfall hvers flokks af heildarlífeyri ársins, meðalaldur og meðallífeyrisgreiðslur. Sami einstaklingur getur haft tvenns konar lífeyri.

Tegund lífeyris	Ellilífeyrir	Makalífeyrir	Örorkulífeyrir	Barnalífeyrir	Samtals
<u>Fjöldi í des. 2007</u>	2.717	781	299	82	3.877
Hlutfall á árinu	78,36%	8,46%	12,17%	1,01%	100%
Meðalaldur	77 ár	78 ár	58 ár		
Meðallífeyrir á mán.	18.946 kr.	7.063 kr.	21.437 kr.		

Barnalífeyrir greiðist vegna örorku eða andláts foreldris og er ýmist greiddur til foreldra eða barnanna sjálfra. Fullur barnalífeyrir vegna örorku nam 8.873 krónum á mánuði í desember 2007 og 12.099 krónum vegna andláts.


Meðaltalsfjöldi lífeyrisþega 1999-2007 (áunnin réttindi)



Fjárfestingar á árinu 2007

	2007	%	2006	%
Sjóðfélagalán	6.700.000	0,1	12.154.000	0,1
Ríkisskuldabréf	202.249.490	2,7	94.293.579	1,1
Skammtímaþréf	450.885.871	6,0	14.397.450	0,2
Fjármálastofnanir	75.922.500	1,0	164.672.910	2,0
Fyrirtæki	164.340.967	2,2	191.049.137	2,3
Erlendir verðbréfasjóðir	917.285.272	12,1	2.205.425.639	26,1
Íslenskir verðbréfasjóðir	5.636.890.924	74,6	5.431.962.828	64,3
Íslensk hlutabréf	60.116.884	0,8	200.121.084	2,4
Erlend hlutabréf	14.256.689	0,2	32.424.258	0,4
Erlend verðbréf	26.025.000	0,3	91.970.385	1,1
Fjárfestingar samtals	7.554.673.597	100,0	8.438.471.270	100,0

Skipting verðbréfaþinga á árinu 2007



Sjóðfélagalán

Á árinu 2007 voru veitt tvö lán til sjóðfélaga, samtals að fjárhæð 6,7 millj. króna, en 17 lán voru greidd upp. Nýjar lánareglur voru samþykktar á fundi stjórnar sjóðsins þann 25. febrúar 2008 og eru þær eftirfarandi.

Lánareglur

1. Hámarkslán er **25.000.000 kr.** og lágmarkslán 500.000 kr.
2. Lánstími er **5 til 40 ár.**
3. Gjald dagar eru **1 – 12 á ári.**
4. Lánið er bundið **vísitölu neysluverðs.**
5. Vextir eru nú 6,73% (15. febrúar 2008, eldri reglur) en breytast samkvæmt eftirfarandi frá 15. mars 2008. Vextir taka breytingum 15. hvers mánaðar og eru 0,7% hærri en meðalávöxtun í síðasta almanaks mánuði á nýjasta flokki íbúðabréfa til 30 ára í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands. Þeir skulu þó ekki vera hærri en hæstu lögleyfðu vextir Seðlabanka Íslands hverju sinni og ekki lægri en 5%. Vextir eldri lána, veittra eftir 31. desember 1996, taka sömu breytingum.

Lántökuskilyrði


6. Umsækjandi skal hafa greitt í lífeyrissjóð samfelld undanfarin tvö ár, þar af síðustu sex mánuði í Lífeyrissjóð bænda. Lágmarksiðgjaldagreiðsla á ári skal hafa jafngilt 0,5 SAL-stigum til þess að fullnægja þessu skilyrði. Lífeyrisþegi getur átt rétt á láni, enda hafi hann haft lánsrétt sbr. framangreint þegar taka lífeyris hófst og sanni greiðslugetu sína með greiðslumati frá viðskiptabanka sínum.
7. Bóndi, sem hættir búskap á aldrinum 60 – 67 ára, skal eiga rétt á láni innan 2ja ára, enda hafi hann ekki farið í annað starf er veiti honum lánsrétt í öðrum lífeyrissjóði. Heimilt er að víkja frá 2ja ára skilyrðinu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
8. Aðeins er lánað gegn fasteignaveði og veði í jörðum. Til grundvallar er lagt áætlað söluverð samkvæmt mati sem löggiltur fasteignasali framkvæmir. Jón Hólm Stefánsson er tilnefndur af sjóðnum þegar um jarðeignir er að ræða. Umsækjandi greiðir kostnað af mati löggilts fasteignasala. Sérstakrar varððar skal gætt varðandi eignir sem talið er að geti verið erfiðar í endursölu. Áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu nýju láni mega ekki vera umfram:
 1. Jarðeignir: 60% af áætluðu söluverði.
 2. Íbúðarhúsnæði: 50% af áætluðu söluverði. Ekki er lánað út á ósamþykktar íbúðir.
 3. Sérhæft atvinnuhúsnæði og hesthús: 35% af áætluðu söluverði.

Nái veðsetning skv. 1. lið ekki 70% af fasteignamati þarf ekki að skila sölumati.

Ekki er lánað út á fasteignir skv. 2. og 3. lið sem eru með lægra fasteignamat en 4.000.000 kr. og veðsetning eigna skv. þeim liðum skal að öðru jöfnu aldrei fara upp fyrir 80% af brunabótamati.

9. Umsækjandi þarf að leggja fram yfirlit yfir skuldastöðu í lánastofnunum. Heimilt er að óska eftir að umsækjandi skili staðfestu greiðslumati frá lánastofnun, búnaðarsambandi eða öðrum tilkvoddum aðila. Óski sjóðurinn þess ber umsækjanda að skila afritum af skattframtölum, rekstrarreikningum og rekstraráætlunum eftir því sem við á. Komi í ljós að skuldastaða sé með þeim hætti að vafi leiki á greiðsluhæfi umsækjanda getur sjóðurinn lækkað umbeðna lánsfjárhæð eða hafnað lánveitingu. Lántakandi greiðir kostnað vegna greiðslumats.
10. Sé um lánsveð að ræða skal lögð fram skrifleg yfirlýsing eiganda viðkomandi eignar um að hann geri sér grein fyrir þeim skuldbindingum sem hann er að taka á sig. Sjóðnum er einnig heimilt að beita þrengri veðreglum og óska eftir staðfestu greiðslumati ef um lánsveð er að ræða.
11. Lánveiting er háð því skilyrði að lánakvóti viðkomandi tímabils m.v. gildandi fjárfestingastefnu sjóðsins hafi ekki verið fylltur.

Sjóðstjórn áskilur sér rétt til að hafna lánveitingu með eða án frekari skýringa.
12. Lántakanda ber að greiða lántökugjald 1% af lánsfjárhæð og umsjónargjöld auk þinglýsingar- og stimpilgjalda. Einnig ber lántakanda að greiða innheimtukostnað banka.




- Lánsloforð fellur úr gildi eftir 3 mánuði hafi láns ekki verið vitjað. Endurnýja þarf umsókn ef óskað er eftir að taka lán að þeim tíma liðnum.
- Kaupanda eignar, sem er í veði fyrir sjóðfélagaláni, er heimilt að yfirtaka lánið að fengnu samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins, enda skuldbindi kaupandi sig til að yfirtaka ákvæði skuldabréfsins og að hirða vel um hina veðsettu eign, þannig að hún ryrni ekki í verði.

Verðbréfaeign í árslok 2007

	2007	%	2006	%
Sjóðfélagalán	351.918.226	1,6	367.998.590	1,8
Lánasjóður landbúnaðarins	1.029.211.042	4,8	1.080.621.370	5,2
Íbúðabréf	385.082.362	1,8	325.058.644	1,5
Húsbréf	49.913.271	0,2	49.498.426	0,2
Húsnæðisbréf	129.909.949	0,6	6.337.871	0,0
Fjármálastofnanir	1.273.289.986	5,9	1.180.980.002	5,7
Fyrirtæki	573.301.512	2,7	487.445.652	2,3
Sveitarfélög	328.038.752	1,5	345.250.996	1,7
Húsnæðisstofnun	5.437.196	0,0	43.357.590	0,2
Byggðastofnun	31.797.329	0,2	28.846.351	0,1
Skammtímaabréf	0	0,0	14.730.435	0,1
Erlend verðbréf	229.377.286	1,1	234.048.497	1,1
Erlendir verðbréfasjóðir	4.635.973.495	21,6	4.975.985.612	23,9
Íslenskir verðbréfasjóðir	12.199.211.556	56,7	11.408.039.446	54,7
Hlutabréf	284.737.771	1,3	306.210.185	1,5
Samtals verðbréfaeign	21.507.199.733	100,0	20.854.409.667	100,0

Skráð hlutabréf eru talin til eignar í ársreikningi á markaðsverði, en óskráð hlutabréf á framreiknuðu kaupverði til ársloka 2001 nema fyrir liggi vitneskja um lægra gengi þeirra. Eignir í verðbréfasjóðum nema samtals 16,8 milljörðum króna. Þeir eru gerðir upp á markaðsverði og um 10,4 milljarðar króna af þeirri eign eru skuldabréf. Eign í stökum skuldabréfum er gerð upp miðað við kaupávöxtun.

Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar 2007



Fjárfestingastefna

Í nóvember ár hvert samþykkir stjórn Lífeyrissjóðs bænda fjárfestingastefnu fyrir komandi ár.

Flokkar verðbréfa	Stefna 2008	Frávik 2008	Frávik 2007
Bundin innlán	0%	0-15%	0-15%
Skuldabréf	65%	55-80%	55-80%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	40%	15-65%	15-55%
Önnur skuldabréf	25%	15-45%	15-45%
Erlend skuldabréf	0%	0-5%	0-5%
Hlutabréf	35%	20-45%	20-45%
Innlend hlutabréf	10%	5-17%	5-17%
Erlend hlutabréf	25%	15-38%	15-38%
Framtaksfjárfestingar	0%	0-5%	

Erlendar fjárfestingar í heild 2008 skulu þó aldrei fara yfir 38% af eignum.

Forsendur

Fjárfestingastefna á að taka mið af stöðu lífeyrissjóða og vegna óhagstæðrar lífeyrisbyrðar hefur vægi skuldabréfa í stefnunni verið nokkuð hátt og hefur verið talið að stefnan feli í sér áhættu sem sé tiltölulega lítil og innan viðunandi marka. Lífeyrissjóðurinn hefur notið aðstoðar bankanna þriggja sem annast fjárvörslu fyrir sjóðinn við mótun fjárfestingastefnunnar. Enn er spáð lækkanði verðbólgu eftir uppsveiflu undanfarið og gert er ráð fyrir að jafnaði 3,5% verðbólgu á ári næstu fimm árin. Vænt raunávöxtun á ári að jafnaði næstu 5 árin er 6,4%. Forsendur stefnunnar eru söguleg ávöxtun og flókt verðbréfa, tryggingafræðileg staða, mat á flóktþoli og spá um ávöxtun næstu fimm ára.

Spá Kaupþings um **raunávöxtun** hljóðar svo:

- Vænt ávöxtun langtímaskuldabréfa 5,0%.
- Vænt lengri tíma ávöxtun innlendra hlutabréfa 8,7%.
- Vænt lengri tíma ávöxtun erlendra hlutabréfa 7,7%.

Spá Landsbanka um **nafnávöxtun** er eftirfarandi:

- Löng skuldabréf 8,3%.
- Millilöng skuldabréf 9,2%.
- Stutt skuldabréf 11,0%.
- Innlend hlutabréf 15%.
- Erlend hlutabréf 12%.

Spá Glitnis um **nafnávöxtun** í árslok 2007 hljóðar svo:

- Seðlabanki Íslands lækki loks stýrivexti á næsta ári, þeir verði þó áfram háir og í kringum 10-11% í árslok.
- Ávöxtunarkrafa á löngum verðtryggðum skuldabréfum geti lækkað á næsta ári þegar skammtímavextir taka að lækka, eða í undanfara lækkanar. Einnig gæti veiking krónunnar með tilheyrandi verðbólguvæntingum aukið eftirspurn eftir verðtryggðum bréfum. Spáð er 8,5% ávöxtun á skuldabréf með 6 ára meðaltíma.
- Innlend hlutabréf hafa hækkað um 22% á ári að jafnaði sl. 15 ár. Undanfarin 5 ár hefur markaðurinn hækkað miklu meira en sem nemur ofangreindu meðaltali, sem er þó mjög hátt í erlendum samanburði. Spáð er að jafnaði 13% hækkun á ári næstu 5 árin.
- Heimsvísitala hlutabréfa hefur hækkað um tæp 10% á ári að jafnaði síðastliðin 10 og 20 ár. Undanfarin ár hafa aftur á móti verið afar hagstæð á erlendum hlutabréfamörkuðum og nemur árleg meðaltalshækkun heimsvísitölunnar um 20%. Reiknað er með að krónan veikist á næstu árum og því spáð að hækkun heimsvísitölu hlutabréfa verði 11% í íslenskum krónum.



Mikilvægt er að hafa mismunandi eignaflokka í verðbréfasöfnum til að draga úr áhættu. Nánast engin fylgni hefur verið milli innlendra og erlendra hlutabréfa en hefur nú aukist. Lítil eða neikvæð fylgni er milli annarra eignaflokka. Með því að blanda eignaflokkum saman má ná góðri áhættudreifingu. Til að auka vænta ávöxtun þyrfti að auka vægi hlutabréfa á kostnað skuldabréfa en um leið ykist flókt ársávöxtunar. Með tilliti til þessa og miðað við stöðu og aldurssamsetningu sjóðsins telur stjórnin rétt að halda vægi innlendu skuldabréfanna áfram háu. Vextir á skuldabréfum eru mjög háir nú og því góður fjárfestingakostur til langs tíma. Líklegt er talið að á næstu árum sjáum við veikingu krónunnar á móti helstu viðskiptamyntum. Ef krónan veikist mikið er líklegt að verðbólga aukist, skuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar og því teljum við löng verðtryggð ríkisskuldabréf vera vænlegan kost við þær aðstæður. Markmið um meðallíftíma skuldabréfaflokka er 5 til 7 ár og í árslok 2007 var hann 5,68 ár.

Umsjón fjárfestinga

Þrír fjárvörsluaðilar annast umsjón verðbréfasafns sjóðsins og fjárfestingar samkvæmt fjárfestingastefnunni. Aðilarnir hafa svigrúm til eignastýringar í samræmi við aðferðir hvers um sig og í samræmi við mat þeirra á stöðu og horfum á verðbréfamörkuðum. Í lok ársins 2007 hafði Glitnir til umsjónar 12,5 milljarða, Landsbankinn tæplega 4,5 milljarða og Kaupþing tæplega 4,3 milljarða.

Ávöxtun

Nafnávöxtun var 4,9%, raunávöxtun -0,9% og hrein raunávöxtun -1,07%. Árið 2006 var nafnávöxtun 16,19%, raunávöxtun 8,83% og hrein raunávöxtun 8,64%. Verðbólga var 5,86% samanborið við 6,95% árið 2006.



Ávöxtun verðbréfasafna

Fjárvörsluaðilar:	<u>Nafnávöxtun 2007</u>	<u>Raunávöxtun</u>	<u>Nafnávöxtun 2006</u>	<u>Raunávöxtun</u>
Landsbanki	7,88%	1,91%	17,59%	9,51%
Kaupþing	4,58%	-1,21%	18,21%	10,53%
Glitnir	4,17%	-1,59%	15,88%	8,34%
Vegið meðaltal	5,01%	-0,80%	16,69%	9,10%

Úttekt á ávöxtun einstakra eignaflokka

	<u>Nafnávöxtun</u>	<u>Raunávöxtun</u>	
	<u>2007</u>	<u>2007</u>	<u>2006</u>
Innlán í bönkum og sparisjóðum	17,5%	11,0%	9,9%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	6,3%	0,4%	(0,4)%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	9,7%	3,7%	3,1%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	13,1%	6,8%	3,5%
Skuldabréf fyrirtækja	12,6%	6,4%	10,8
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (sjóðfélagalán)	10,1%	4,0%	6,5%
Hlutabréf innlend	9,4%	3,4%	10,9%
Önnur verðbréf	9,7%	3,6%	4,8%
Gengisbundin verðbréf	(5,5)%	(10,7)%	25,7%

Tryggingafræðileg úttekt - Skuldbindingar

Steinunn Guðjónsdóttir tryggingastærðfræðingur gerir tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum árlega.

Staða sjóðsins batnaði til muna á árinu 2005. Meginástæða þess var sérstakt framlag úr ríkissjóði samkvæmt fjáráukalögum 2005. Með góðri ávöxtun á árinu 2006 styrktist hún svo til muna og niðurstöður ársins 2007 eru mjög áþekkar. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar minnka og halli á framtíðarskuldbindingum minnkar vegna upptöku aldurstengingar á árinu.

Eignir sjóðsins eru að hluta núvirtar miðað við sömu ávöxtunarforsendur og skuldbindingar, þ.e. 3,5% ávöxtun umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Hlutabréf eru metin á markaðsvirði í lok hvers árs.

Ljóst er að aldursdreifing greiðandi sjóðfélaga hefur mikil áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóðsins og mun gera það enn í nokkuð mörg ár. Flestir sjóðfélagar hafa heimild til að greiða áfram í jafna réttindaávinnslu upp að ákveðnu marki og þau iðgjöld sem þeir greiða seinni hluta starfsævinnar eiga ekki eftir að skila sjóðnum eins mikilli ávöxtun og þau iðgjöld sem greidd voru fyrri hluta starfsævinnar. Áhrif jöfnu réttindaávinnslnar munu smátt og smátt fjara út og strax á árinu 2007 má sjá lækkun framtíðarskuldbindinga. Á síðu sjö er aldursdreifingu greiðandi sjóðfélaga 2007 gerð nánari skil. Heildarréttindi í árslok skiptast þannig í grófum dráttum:

Aldur	<u>Karlar</u>		<u>Konur</u>		<u>Samtals</u>	
	% Fjöldi	% Réttindi	% Fjöldi	% Réttindi	% Fjöldi	% Réttindi
16-39	17	7	22	8	19	7
40-59	60	63	59	66	60	64
60-70	23	30	19	26	21	29

Niðurstöður úttekta

Í milljónum króna

<u>Eignir:</u>	<u>2007</u>			<u>2006</u>		
	<u>Áfallið</u>	<u>Framtíð</u>	<u>Heild</u>	<u>Áfallið</u>	<u>Framtíð</u>	<u>Heild</u>
Hrein eign	21.603		21.603	20.905		20.905
Núvirðing	1.725		1.725	1.246		1.246
Framtíðariðgjöld		5.329	5.329		4.231	4.231
Fjárf. kostn.	(312)		(312)	(279)		(279)
Samtals	23.016	5.329	28.345	21.872	4.231	26.103

Skuldbindingar:

Ellilífeyrir	16.066	5.474	21.540	14.788	4.650	19.438
Örorkulífeyrir	1.190	747	1.937	1.273	638	1.911
Makalífeyrir	1.241	220	1.461	1.298	174	1.472
Barnalífeyrir	24	95	119	42	96	138
Rekstrarkostn.	544	349	893	517	291	808
Samtals	19.065	6.885	25.950	17.918	5.849	23.767
Eignir umfram skuldb.	3.951	(1.556)	2.395	3.954	(1.618)	2.336
Hlutf. af skuldb.	20,7%	(22,6%)	9,2%	22,1%	(27,7%)	9,8%



Ársreikningur 2007

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðenda	16
Skýrsla stjórnar	17
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	19
Efnahagsreikningur	20
Yfirlit um sjóðstreymi	21
Skýringar	22

Aritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2007, efnahag hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga.

Reykjavík, 14. mars 2008.

Deloitte hf.

Björg Sigurðardóttir



endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Lög og samþykktir

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánari reglur um framkvæmd laganna eru í samþykktum sjóðsins. Breytingar á samþykktunum þar sem mótframlag var hækkað úr 6% í 8% voru kynntar á ársfundi sjóðsins 7. mars. Breytingar þar sem viðmiðunarvísitölu tekna örorkulífeyrisþega var breytt úr vísitölu neysluverðs í launavísitölu og ákvæði um að barnalífeyrisupphæðir breytist árlega breytt í mánaðarlega voru kynntar á aukaársfundi 4. júní. Nýjar samþykktir með þessum breytingum voru staðfestar af fjármálaráðuneyti 23. júlí.

Fjöldi sjóðfélaga og iðgjaldatekjur

Alls greiddu 3.117 sjóðfélagar 132,9 mkr. iðgjöld til Lífeyrissjóðs bænda vegna tekjuársins 2007. Af virkum sjóðfélögum eru nú 2.811 bændur. Iðgjöld vegna eldri ára voru um 21,9 mkr. Uppgjör iðgjalda er miðað við greidd iðgjöld 31. desember 2007 en til viðbótar er áætlað að bókfærð réttindi hækki um 13% fram að eindaga. Bókfærðar iðgjaldatekjur ársins (iðgjöld sjóðfélaga) eru hækkaðar um 8,33% og mótframlag launþega samsvarandi. Tekjufærð iðgjöld sjóðfélaga eru samtals 157,9 mkr. á reikningsárinu og mótframlög samtals 308,2 mkr. Réttindaflutningar námu nettó 3,2 mkr. Heildariðgjaldatekjur námu því 469,2 mkr., sem er um 7,3% hækkun frá fyrra ári.

Iðgjöld, iðgjaldsstofn og innheimta

Iðgjöld sjóðfélaga nema 4% af launum. Iðgjaldsstofn bænda er reiknuð laun í landbúnaði eða greidd laun þar sem búrekstrarformi er þannig háttað. Iðgjöldum þeirra bænda sem reikna sér laun og njóta beingreiðslna er haldið eftir af beingreiðslunum mánaðarlega en iðgjöld annarra bænda eru innheimt með greiðsluseðlum. Bændur sem þiggja greidd laun gera skil mánaðarlega. Launagreiðendur skila iðgjöldum launþega í landbúnaði mánaðarlega til sjóðsins og enn fremur launagreiðendur þeirra bænda sem eru í annarri atvinnu og kjósa að greiða iðgjöld af henni til sjóðsins.

Mótframlag bænda

Lög um sjóðinn kveða á um að mótframlag á móti iðgjöldum bænda skuli greitt af sjóðfélögum nema samið sé um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Ríkissjóður hefur greitt mótframlag til sjóðsins vegna sauðfjár- og mjólkurframleiðslu. Mótframlag ríkissjóðs var nægilega hátt á árinu til þess að iðgjöld vegna annarra búgreina væru einnig bókuð til fullra réttinda hjá sjóðnum án þess að sérstakt mótframlag bærisk frá bændum. Miðað við áætluð viðbótariðgjöld bænda fram að eindaga er það hæfilega hátt. Sé hins vegar gert ráð fyrir frekari hækkun iðgjalda vegna ársins 2007 miðað við þróun síðustu ára mun mótframlagið ekki nægja. Mótframlag á fjárlögum ársins 2008 er byggt á hækkun mótframlags úr 6% í 8% samkvæmt lögum nr. 167/2006 og mun að öllum líkindum samsvara þeirri hækkun iðgjalda sem áætluð er.

Lífeyrisgreiðslur

Heildarlífeyrisgreiðslur námu 793,3 mkr. til 3.788 lífeyrisþega, sem er um 6,8% hækkun greiðslna frá árinu 2006. Lífeyrisgreiðslur skiptust þannig á árinu: Lífeyrir greiddur vegna áunninna réttinda í sjóðnum nam 751,4 mkr., þar af ellilífeyrir 588,7 mkr., makalífeyrir 63,6 mkr., örorkulífeyrir 91,5 mkr. og barnalífeyrir 7,6 mkr. Lífeyrir greiddur af ríkissjóði, þ.e. lífeyrir vegna bændra fæddra 1914 og fyrr nam samtals 41,9 mkr.

Hrein eign til greiðslu lífeyris, raunávöxtun og staða

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 21.603 mkr. í árslok 2007 og hækkaði um 3,3% frá fyrra ári. Nafnávöxtun var 4,9% og raunávöxtun -0,9%. Hrein raunávöxtun nam -1,07%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára nemur 6,87% og síðustu 10 ára 4,16%. Endurmetnar eignir eru 20,7% hærri en áfallnar skuldbindingar og 9,2% hærri en heildarskuldbindingar.

Verðbréfavíðskipti

Verðbréfa kaup sjóðsins á árinu 2007 námu alls 7.548 mkr. Þau skiptast þannig: skuldabréf 919,4 mkr., hlutdeildir í innlendum verðbréfasjóðum 5.636,9 mkr., hlutdeildir í erlendum verðbréfasjóðum 917,3 mkr. og hlutabréf 74,4 mkr. Sala og innlausn verðbréfa nam alls 6.881,4 mkr. Þar af námu seld og innleyst skuldabréf 157,7 mkr., seldar hlutdeildir í innlendum verðbréfasjóðum 5.600,6 mkr., erlendum verðbréfasjóðum 1.006,7 mkr. og seld hlutabréf 116,4 mkr.

Sjóðfélagalán

Virkir sjóðfélagar eiga rétt á lánum úr sjóðnum í samræmi við veðmörk eigna, þó að hámarki 25 mkr., til allt að 40 ára. Vextir breytast 15. hvers mánaðar og eru 0,7 prósentustigum hærri en meðaltalsávöxtun á nýjasta flokki íbúðabréfa til 30 ára. Vextir verða þó ekki lægri en 5%. Veitt lán til sjóðfélaga námu 6,7 mkr. á árinu.

Fjárvarsla

Á árinu 2007 sáu þrír fjárvörsluaðilar um vörslu og ávöxtun eignasafns lífeyrissjóðsins. Hjá Glitni eru í árslok um 57,9% af eignum sjóðsins, hjá Landsbanka 20,6% og hjá Kaupþingi 19,7%. Um 1,8% eignanna eru í vörslu lífeyrissjóðsins, aðallega sjóðfélagalán. Fjárvörslusamningnum við Landsbankann var sagt upp á miðju ári vegna óánægju með fjárhæð þóknana. Samningar tókust þó aftur við bankann fyrir áramót um áframhaldandi þjónustu gegn lægri þóknun.

Starfsemi og upplýsingastarf


Hjá sjóðnum störfuðu á árinu að meðaltali 3,68 starfsmenn í fullu starfi. Heildarfjárhæð launa og þóknana nam 23.189.749 kr. Sjóðurinn sendi greiðandi sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld til sjóðsins í mars og október. Að lokinni undirskrift ársreiknings er birt auglýsing í Bændablaðinu um helstu niðurstöður reikningsins og tryggingafræðilegrar úttektar. Í Handbók bænda er á hverju ári birt ítarleg grein um sjóðinn. Lífeyrissjóður bænda er ásamt fimm aðilum í landbúnaði, þar á meðal Bændasamtökum Íslands, þátttakandi í sameiginlegri vefsíðu íslensks landbúnaðar: "www.landbunadur.is". Heimasíða lífeyrissjóðsins er "www.lsb.is". Þar má nálgast allar almennar upplýsingar um sjóðinn auk efnis sem sjóðurinn hefur birt í Bændablaðinu og Handbók bænda. Þar er einnig að finna öll nauðsynleg umsóknareyðublöð svo sem um lán og lífeyri svo og iðgjaldaskilagreinar og möguleiki er á rafrænum skilum til sjóðsins. Almennt netfang sjóðsins er "lsb@lsb.is".

Ársfundur sjóðsins 2007 var haldinn 7. mars 2007 í tengslum við Búnaðarþing. Gert er ráð fyrir að ársfundur sjóðsins 2008 verði haldinn í Bændahöllinni þann 21. apríl 2008.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda staðfestir ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. mars 2008.

Í stjórn
Lífeyrissjóðs bænda



Skúli Bjarnason
Formaður




Örn Bergsson



Loftur Þorsteinsson



Guðmundur Grétar Guðmundsson



Lilja Sturludóttir

Framkvæmdastjóri



Sigurbjörg Björnsdóttir

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2007

	Skýr.	2007	2006
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga.....	3	157.892.056	148.279.616
Mótframlög.....	3	308.161.539	286.090.199
Réttindaflutningar og endurgreiðslur.....	4	3.173.397	2.850.606
		469.226.992	437.220.421
Lífeyrir			
Lífeyrir.....	5	793.272.134	742.520.722
Umsjónarnefnd eftirlauna.....	5	(41.885.944)	(45.063.043)
Annar beinn kostnaður vegna örorku.....		511.053	504.000
		751.897.243	697.961.679
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum.....		11.997.316	26.326.277
Vaxtatekjur og gengismunur.....	6/20	1.033.220.902	2.984.730.488
Breytingar á niðurfærslu eigna.....	7	(29.269)	(49.387)
		1.045.188.949	3.011.007.378
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		13.925.231	11.505.316
Vaxtagjöld.....		110.910	498.579
Önnur fjárfestingargjöld.....		14.110.447	33.958.858
		28.146.588	45.962.753
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		30.353.744	28.551.852
Annar rekstrarkostnaður.....		6.134.542	5.964.095
		36.488.286	34.515.947
Hækkun (lækkun) á hreinni eign á árinu.....		697.883.824	2.669.787.420
Hrein eign frá fyrra ári.....		20.905.368.237	18.235.580.817
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris.....		21.603.252.061	20.905.368.237

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	Skýr.	31.12.2007	31.12.2006
Eignir			
Fjárfestingar	2/16-17		
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	8-12	17.119.922.822	16.690.235.243
Verðbréf með föstum tekjum.....	13	3.655.475.121	3.360.091.201
Veðlán.....	14	351.918.226	367.998.590
Önnur útlán.....	15	379.883.564	436.084.633
		21.507.199.733	20.854.409.667
Kröfur			
Iðgjaldakröfur.....	18	33.599.368	49.222.245
Aðrar kröfur.....		37.363.194	11.601.990
		70.962.562	60.824.235
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir.....	19	1.467.477	1.699.287
Sjóður og veltiinnlán.....		37.601.608	29.999.830
Aðrar eignir.....	20	5.497.031	0
		44.566.116	31.699.117
Eignir		21.622.728.411	20.946.933.019
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Ýmsar skuldir.....		19.476.350	41.564.782
		19.476.350	41.564.782
Skuldir		19.476.350	41.564.782
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls	21	21.603.252.061	20.905.368.237

Yfirlit um sjóðstreymi 2007

	2007	2006
Inngreiðslur		
Iðgjöld.....	488.091.545	419.636.236
Fjárfestingartekjur.....	258.553.076	251.213.682
Aðrar tekjur.....	41.885.944	45.063.043
Afborganir verðbréfa.....	773.167.725	509.221.026
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....	6.723.702.240	7.646.273.215
Seld verðbréf með föstum tekjum.....	157.714.164	338.835.011
	8.443.114.694	9.210.242.213
Útgreiðslur		
Lífeyrir.....	793.783.187	742.518.315
Fjárfestingargjöld.....	50.290.968	53.120.499
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....	36.456.444	33.517.085
	880.530.599	829.155.899
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu.....	7.562.584.095	8.381.086.314
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum.....	6.628.549.769	7.869.933.809
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum.....	919.423.828	556.383.461
Ný veðlán og útlán.....	6.700.000	12.154.000
Aðrar fjárfestingar.....	308.720	115.900
Ráðstöfun alls	7.554.982.317	8.438.587.170
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum.....	7.601.778	(57.500.856)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun.....	29.999.830	87.500.686
Sjóður og veltiinnlán í lok árs.....	37.601.608	29.999.830

Skýringar

Starfsemi

1. Lífeyrissjóður bænda starfar samkvæmt lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánari reglur um framkvæmd laganna eru í samþykktum. Gildandi lög um sjóðinn og samþykktir tóku fyrst gildi 1. júlí 1999. Samþykktum um sjóðinn var breytt á ársfundi 7. mars 2007 og á aukaársfundi 4. júní 2007 og tóku gildi 23. júlí 2007. Skýringar þessar taka mið af gildandi lögum í árslok 2007. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs. Sjóðurinn rekur ekki séreignarsjóð.

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts skv. nánari ákvæðum samþykktanna.

Bændur:

Bændur eiga skylduaðild að lífeyrissjóðnum samkvæmt 3. gr. laga um sjóðinn og skulu allir bændur og makar þeirra er starfa að búrekstri vera sjóðfélagar. Ef maðinn er ekki aðili að búrekstrinum og á ekki sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði skal veita honum aðild að sjóðnum óski hann þess skriflega. Bóndi er sá sem stundar búrekstur á lögbyli þar sem hann á lögheimili og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95 (Undanþegnir eru undirflokkar 01.4, 01.5 og 02.02.). Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. er heimilt að veita þeim sem stunda búrekstur utan lögbyla og þeim sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum aðild að sjóðnum enda hafi hlutaðeigandi meiri hluta tekna sinna af búrekstri. Samkvæmt lögum ber sjóðfélögum að greiða að lágmarki 4% af heildarlaunum sínum (reiknuðum eða greiddum) til sjóðsins samkvæmt 1. og 2. mgr. 4. gr. og skal á móti iðgjaldi sjóðfélaga greitt mótframlag sem skal að lágmarki vera 8% (frá 1.1.2007) af sama iðgjaldsstofni. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga (bónda) sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Launþegar:

Launþegar er starfa við landbúnað skulu vera sjóðfélagar samkvæmt 3. mgr. 3. gr. enda eigi þeir ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði. Hafi sjóðfélagi (bóndi) atvinnutekjur af öðru en búrekstri og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði er honum heimilt að greiða iðgjöld af slíkum tekjum til sjóðsins samkvæmt 5. mgr. 3. gr. laganna. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. skulu iðgjöld að lágmarki vera 12% frá 1.1.2007 af tekjum, þ.e. að lágmarki 4% iðgjald sjóðfélaga og að lágmarki 8% mótframlag vinnuveitanda.

Lífeyrisréttindi:

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris, maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 67 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri og barnalífeyri, ef við á, ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Andist sjóðfélagi eiga eftirlifandi maki og börn, yngri en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum skv. nánari reglum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda og er hún óháð aldri til ársloka 2006 en bæði jöfn og aldurstengd frá ársbyrjun 2007. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins getur haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Eignir

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, veðlán og aðrar fjárfestingar. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum:

Framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar með taldir innlendir og erlendir verðbréfasjóðir, eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði til ársloka 2001 eða markaðsverði, liggi það fyrir á einstökum bréfum.

Verðbréf með föstum tekjum:

Framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Afleiðutengd skuldabréf eru færð til eignar á markaðsverði.

Veðlán:

Útlán til sjóðfélaga eru færð til eignar með áföllnum vöxtum miðað við vaxtakjör þeirra.

Önnur útlán:

Í þessum flokki eru eldri lán til Lánasjóðs landbúnaðarins með ábyrgð ríkisins. Bréfin eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Iðgjöld

3. Iðgjöld sjóðfélaga / mótframlög:

Iðgjöld sjóðfélaga eru 4% af launum og mótframlög vinnuveitenda 8%. Bændur greiða 4% af reiknuðum launum í landbúnaði eða greiddum launum þar sem búrekstrarformi er þannig háttað. Greiðslu iðgjalds er haldið eftir af beingreiðslum bænda sem þeirra njóta en af öðrum bændum er iðgjald innheimt með greiðsluseðlum mánaðarlega. Nokkrir aðilar, aðallega rekstraraðilar einkahlutafélaga, greiða iðgjöld sín beint til sjóðsins.

Iðgjöld eru endurgreidd til þeirra sem hafa náð 70 ára aldri, eru ekki sjóðfélagar skv. ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1999 svo og til dánarbúa og greiðenda undir 16 ára aldri. Leiði eftirlit RSK með iðgjaldagreiðslum í lífeyrissjóði í ljós að bændur hafi ofgreitt iðgjöld til sjóðsins skulu þau endurgreidd, hafi þeir ekki nýtt þau réttindi sem af iðgjöldunum leiddu á neinn hátt né óskað eftir því að halda réttindunum. Ennfremur eru endurgreidd mótframlög launagreiðenda á móti þeim launþegaiðgjöldum sem endurgreidd eru. Heildarendurgreiðslur á árinu voru óverulegar.

4. Réttindaflutningar og endurgreiðslur:

Réttindaflutningar til sjóðsins námu kr. 5.402.352 en frá sjóðnum kr. 2.228.955.

Lífeyrir

5. Lífeyrir greinist þannig:

	Eftirlaun skv. áunnum réttindum	Eftirlaun skv. II. kafla laga um sjóðinn	Samtals 2007	Samtals 2006
Ellilífeyrir	588.739.596	3.953.108	592.692.704	540.356.317
Makalífeyrir	63.594.950	37.932.836	101.527.786	97.914.748
Örorkulífeyrir.....	91.464.584	0	91.464.584	95.069.498
Barnalífeyrir	7.587.059	0	7.587.059	9.180.159
Lífeyrir alls.....	751.386.189	41.885.944	793.272.133	742.520.722

Lífeyrisframlag ríkissjóðs:

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda skal ríkissjóður greiða lífeyri þeirra bænda, sem taka lífeyri skv. II. kafla sömu laga.

Fjárfestingartekjur

6. Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	2007	2006
Vaxtatekjur af bankainnistæðum.....	8.960.584	14.060.697
Gengismunur af erlendum gjaldeyrisreikningum.....	8.231.060	4.313.690
Dráttarvextir af iðgjöldum.....	6.174.492	4.487.989
Vaxtatekjur og gengismunur af verðbréfum.....	1.009.854.766	2.961.868.112
	1.033.220.902	2.984.730.488

7. Afskriftir / niðurfærslur:

Í árslok var afskrifuð krafa á ríkissjóð að fjárhæð kr. 42.953 vegna vinnslu upplýsinga úr skattframtölum lífeyrisþega skv. II. kafla laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda. Endurgreiddur lífeyrir til dánarbúa að fjárhæð kr. 13.684, sem ekki hefur tekist að koma til skila á 6 mánuðum eftir greiðslu, var afskrifaður.

Fjárfestingar

Verðbréf með breytilegum tekjum

8. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum	240.813.025
Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum	43.924.746
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum	12.199.211.556
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum	4.635.973.495
	<u>17.119.922.822</u>

9. Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

	Hlutdeild	Nafnverð	Markaðsverð
Skráð félög í Kauphöll Íslands:			
Atorka hf.....	0,05%	1.724.675	17.074.283
Bakkavör Group.....	0,02%	335.000	19.597.500
Century Aluminium Company IS.....	Óveruleg	1.500	5.122.500
Exista hf.....	0,01%	868.183	17.146.614
Glitnir hf.....	0,01%	1.003.402	22.024.674
HF Eimskipafélag Íslands.....	0,05%	874.124	30.332.103
Kaupþing hf.....	0,01%	104.023	91.540.240
Marel hf.....	0,08%	336.813	34.354.926
			<u>237.192.840</u>

Óskráð innlend hlutabréf:

Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf.	2,57%	128.480	153.185
Greiðslustofa lífeyrissjóða.....	6,00%	72.000	72.000
Reiknistofa lífeyrissjóða ehf.....	1,54%	1.697.500	3.395.000
			<u>3.620.185</u>
Eignarhlutar í innlendum félögum alls			<u>240.813.025</u>

10. Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

	Gjaldmiðill	Hlutdeild	Markaðsverð
Erlend félög skráð á markaði:			
Uppspretta Icelandic Capital Venture SA.....	ISK	Óveruleg	3.312.500
Decode Genetics A	USD	"	142.255
Foeroya Banki P/F.....	DKK	"	14.924.285
GIR Capital Management.....	ISK	"	6.335.260
			<u>24.714.300</u>
Óskráð erlend félög:			
Health Holding SA.....	SEK	Óveruleg	19.210.446
			<u>19.210.446</u>
Eignarhlutar í erlendum félögum alls			<u>43.924.746</u>
Hlutabréfaeign alls			<u>284.737.771</u>

11. Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir:		
Sjóðir með hlutabréfum		1.872.392.860
Sjóðir með skuldabréfum		10.326.818.696
		<u>12.199.211.556</u>
Erlendir verðbréfasjóðir:		
Sjóðir með hlutabréfum		4.554.624.907
Sjóðir með skuldabréfum		81.348.588
		<u>4.635.973.495</u>
Hlutdeildarskírteini alls		<u>16.835.185.051</u>

12. Hlutdeildarskírteini sundurliðast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir með innlendum hlutabréfum:	Gjaldmiðill	
Glitnir, Sjóður 6	ISK	452.908.912
Glitnir, Sjóður 10	ISK	464.283.942
Fjárfestingasjóðurinn ÍS-15.....	ISK	373.408.817
Kaupþing, ICEQ verðbréfasjóður.....	ISK	39.421.788
Kaupþing, Eining 9	ISK	79.972.468
Landsbankinn, Úrvalsbréf	ISK	133.942.147
Landsbankinn, Vísitölubréf	ISK	51.745.796
Landsbankinn, Nordic 40.....	EUR	10.378.565
		<u>1.606.062.435</u>
Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum erlendra félaga:		
Landsbanki Global Equity Fund.....	ISK	266.330.425
		<u>266.330.425</u>
Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum alls.....		<u>1.872.392.860</u>
Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:	Gjaldmiðill	
Glitnir, Sjóður 1 - blandaður skuldabréfasjóður	ISK	2.578.313.238
Glitnir, Sjóður 5 - íslensk ríkisverðbréf.....	ISK	78.070.233
Glitnir, Sjóður 7 - íslensk ríkisverðbréf	ISK	2.491.752.422
Glitnir, Sjóður 9 - blandaður skuldabréfasjóður	ISK	171.688.536
Glitnir, Sjóður 11 - blandaður skuldabréfasjóður	ISK	725.959.037
Kaupþing, Ríkisverðbréfasjóður langur.....	ISK	716.007.580
Kaupþing, Ríkisverðbréfasjóður millilangur.....	ISK	381.871.536
Kaupþing, Hávaxtasjóður.....	ISK	33.323.037
Kaupþing, Eining 7.....	ISK	528.465.759
Kaupþing, Erlend skuldabréf.....	ISK	6.144.351
Kaupþing, Fixed Income.....	ISK	11.590.140
Kaupþing IS5.....	ISK	35.982.828
Kaupþing Liquidity Fund Eur.....	EUR	3.087.401
Landsbankinn, Markaðsbréf stutt.....	ISK	238.534.093
Landsbankinn, Markaðsbréf millilöng.....	ISK	35.589.671
Landsbankinn, Markaðsbréf löng.....	ISK	1.277.236.011
Landsbankinn, Peningabréf.....	ISK	334.841.342
Landsbankinn, Peningabréf EUR	EUR	67.178.478
Landsbankinn, Peningabréf USD.....	USD	56.284.473
Landsbankinn, Fyrirtækjabréf.....	ISK	456.431.291
Landsbankinn Absolute Return Strategies.....	USD	52.810.039
Landsbanki Diversified Yield Fund.....	ISK	45.657.200
		<u>10.326.818.696</u>
Innlendir verðbréfasjóðir alls		<u>12.199.211.556</u>

Erlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

Skráðir sjóðir í EUR:	Gjaldmiðill	
Skagen Global Fund EUR E-share.....	EUR	150.791.716
Kaupthing Manager Sel Global Equity.....	EUR	1.047.531.915
Kaupthing International Value/LUX Global Value Class.....	EUR	60.034.615
Global Opportunity Fund I.....	EUR	25.516.563
European Opportunity Fund I.....	EUR	29.656.167
Nordic Opportunity Fund I.....	EUR	29.220.829
Sparinvest - Global Value I.....	EUR	265.449.064
		<u>1.608.200.869</u>

Skráðir sjóðir í USD:

Vanguard European Stock Index Fund	USD	271.811.305
Vanguard Global Stock Index Fund	USD	1.284.957.189
Vanguard Global Enhanced Equity.....	USD	224.167.765
Gartmore - Global Focus-D ACC.....	USD	284.496.079
GLOBAL Global Equities.....	USD	250.428.736
Emerging Markets Growth Portfolio.....	USD	38.027.826
iShares MSCI Japan Index.....	USD	59.183.028
ACM American Value Portfolio	USD	48.114.749
ACM European Value Portfolio	USD	33.741.315
ACM Global Growth Trends Portfolio	USD	104.164.768
ACM Global Value Portfolio	USD	100.070.146
		<u>2.699.162.906</u>

Skráðir sjóðir í CHF:

CHF Sviss Wegelin Instl. Eqty Act Idx-c.....	CHF	247.261.132
		<u>247.261.132</u>

Erlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum alls..... 4.554.624.907

Erlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

Skráðir sjóðir í EUR:

Kaupthing FX.....	EUR	38.052.541
		<u>38.052.541</u>

Skráðir sjóðir í ÍSK:

ISB Reykjavik Global Hedge Fund.....	ISK	43.296.047
		<u>43.296.047</u>

Erlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum alls..... 81.348.588

Erlendir verðbréfasjóðir alls 4.635.973.495

Verðbréfasjóðir samtals 16.835.185.051

Verðbréf með föstum tekjum

13. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð:

Skuldabréf Húsnæðisstofnunar.....	5.437.196
Húsbréf	49.913.271
Húsnæðisbréf	129.909.949
Íbúðabréf	385.082.362
Skuldabréf Byggðastofnunar	31.797.329
Landsbanki Íslands (Lánasjóður landbúnaðarins).....	649.327.478
	<u>1.251.467.585</u>

Önnur skuldabréf:

Gjaldmiðill

Skuldabréf sveitarfélaga	ÍSK	328.038.752
Skuldabréf lánastofnana	ÍSK	1.273.289.986
Skuldabréf fyrirtækja	ÍSK	559.209.829
Innlend skuldabréf alls.....		<u>2.160.538.567</u>

Erlend skuldabréf fyrirtækja.....	NOK	31.359.666
Erlend skuldabréf fyrirtækja.....	GBP	11.067.275
Erlend skuldabréf fyrirtækja.....	USD	66.631.022
Erlend skuldabréf fyrirtækja.....	ÍSK	46.631.746
Erlend skuldabréf lánastofnana.....	USD	12.142.395
Erlend skuldabréf lánastofnana.....	EUR	49.225.865
Erlend skuldabréf lánastofnana.....	ÍSK	26.411.000
Erlend skuldabréf alls.....		<u>243.468.969</u>

Önnur skuldabréf alls..... 2.404.007.536

Verðbréf með föstum tekjum alls 3.655.475.121

Veðlán

14. Veðlán greinast þannig:

Skuldabréf sjóðfélaga	364.511.610
Niðurfærsla veðskuldabréfa	(12.593.384)
	<u>351.918.226</u>

Önnur útlán

15. Önnur útlán greinast þannig:

Landsbanki Íslands (Lánasjóður landbúnaðarins) - með ábyrgð ríkissjóðs	379.883.564
	<u>379.883.564</u>

Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

16. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	12.303.229.432	4.816.693.390	17.119.922.822
Verðbréf með föstum tekjum	3.485.048.898	170.426.223	3.655.475.121
Veðlán	351.918.226		351.918.226
Önnur útlán	379.883.564		379.883.564
	<u>16.520.080.120</u>	<u>4.987.119.613</u>	<u>21.507.199.733</u>
Hlutfallsleg skipting	76,81%	23,19%	100%

Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

17. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins er áætlað kr. 21.355,4 milljónir eða kr. 151,8 milljónum lægra en bókfært verð þeirra.

Kröfur

18. Ógreiddar kröfur á launagreiðendur vegna ógreiddra iðgjalda og móttframlaga eru 28,5 milljónir króna í árslok, þar af eru óinnheimt iðgjöld og móttframlög áætluð 15,3 milljónir króna. Ógreiddir vanskilavextir nema 5,1 milljónum króna.

Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir

19. Húsgögn, tölvur og tæki eru færð til eignar í ársreikningi sem rekstrarfjármunir og afskrifuð á fimm árum.

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

Eignir 31.12.2006.....	1.699.287
Viðbætur á árinu.....	308.720
Afskrifað á árinu.....	(540.530)
	<u>1.467.477</u>

Ábyrgðir

20. Lífeyrissjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga svo og framtíðarsamninga á hlutabréf við lánastofnanir og fyrirtæki á árinu. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna erlendra eigna sjóðsins. Miðað við gengi í árslok hefur sjóðurinn skuldbundið sig til gjaldmiðlaviðskipta fyrir um 816 milljónir króna. Staða þessara samninga í árslok var jákvæð um 5,5 milljónir króna og hafa áhrif þeirra verið færð inn í rekstur sjóðsins á liðinn vaxtatekjur og gengismunur í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og til eignar á liðinn aðrar eignir í efnahagsreikningi.

Lífeyrisskuldbindingar

21. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:
Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu lífeyrissjóðsins í árslok 2007, miðað við 3,5% ársvexti, eru endurmetnar eignir 3.951 milljónum króna hærri en áfallnar skuldbindingar eða 20,7% og 2.395 milljónum króna hærri en heildarskuldbindingar eða 9,2%.

	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	21.603		21.603
Núvirði verðbréfa, hækkun.....	1.725		1.725
Lækkun vegna fjárfestingargjalda.....	(312)		(312)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		5.329	5.329
	<u>23.016</u>	<u>5.329</u>	<u>28.345</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	16.066	5.474	21.540
Örorkulífeyrir	1.190	747	1.937
Makalífeyrir	1.241	221	1.461
Barnalífeyrir	24	95	119
Rekstrarkostnaður	544	349	893
	<u>19.065</u>	<u>6.885</u>	<u>25.950</u>
Eignir umfram skuldbindingar	3.951	(1.556)	2.395
Í hlutfalli af skuldbindingum	20,72%	(22,60%)	9,23%

Önnur mál

22. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2007	2006
Laun starfsfólks	20.198.215	19.133.078
Laun stjórnar.....	3.205.980	3.046.175
Launatengd gjöld	4.309.655	4.038.939
	<u>27.713.850</u>	<u>26.218.192</u>
Meðalfjöldi starfa	3,68	3,68

23. Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda sjóðsins greinast þannig:

	2007
Skúli Bjarnason, stjórnarformaður.....	1.059.534
Loftur Þorsteinsson, stjórnarmaður	529.767
Guðmundur Grétar Guðmundsson, stjórnarmaður.....	529.767
Örn Bergsson, stjórnarmaður.....	529.767
Lilja Sturludóttir, stjórnarmaður.....	529.767
Sigríður Bragadóttir, varamaður í stjórn.....	13.689
Ingví Mór Pálsson, varamaður í stjórn.....	13.689
Sigurbjörg Björnsdóttir, framkvæmdastjóri.....	8.703.027

24. Þóknun til Deloitte hf., ytri endurskoðenda sjóðsins, nam 693 þúsundum króna að meðtöldum virðisaukaskatti vegna vinnu við endurskoðun ársreiknings. Aðrar þóknanir til Deloitte hf. námu 2.266 þúsundum króna að meðtöldum virðisaukaskatti og eru vegna vinnu Áhættuþjónustu Deloitte við innri endurskoðun, 1.429 þúsundum króna vegna innri endurskoðunar ársins 2007 og 837 þúsundum króna vegna áhættumats.

Kennitölur

25. Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins:

	2007	2006	2005	2004	2003
Hrein raunávöxtun á ársgrundvelli.....	(1,07%)	8,64%	9,61% 1)	7,13%	10,49%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
sl. 5 ár	6,87%	5,98%	3,59% 2)	1,33%	1,85%
sl. 10 ár.....	4,16%	5,21%	5,19% 3)	4,76%	4,62%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbr. með breytli. tekjum.....	77,02%	77,42%	77,31%	71,82%	67,18%
Skráð verðbr. með föstum tekjum.....	13,58%	12,64%	13,07%	12,63%	13,25%
Óskráð verðbr. með breytli. tekjum	2,58%	2,61%	0,16%	0,09%	0,74%
Óskráð verðbr. með föstum tekjum	3,41%	3,47%	4,11%	5,85%	6,30%
Veðlán	1,64%	1,77%	2,70%	5,43%	5,99%
Annað	1,77%	2,09%	2,65%	4,18%	6,54%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	76,81%	75,44%	80,78%	78,65%	82,40%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	23,19%	24,56%	19,22%	21,35%	17,60%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	3.117	3.186	3.256	3.364	3.530
Fjöldi lífeyrisþega.....	3.606	3.619	3.655	3.668	3.650
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	78,36%	76,62%	74,65%	73,65%	72,16%
Örorkulífeyrir	12,17%	13,63%	15,27%	15,94%	17,32%
Makalífeyrir	8,46%	8,43%	8,51%	8,60%	8,59%
Barnalífeyrir	1,01%	1,32%	1,57%	1,80%	1,94%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram					
heildarskuldbindingar	9,2%	9,8%	4,6%	(9,7%)	(7,2%)
Hrein eign umfram					
áfallnar skuldbindingar	20,7%	22,1%	15,9%	(5,7%)	(3,0%)

1) Hrein raunáv. 2005 var reiknuð miðað við hreina eign fyrir sérstaka innborgun úr Ríkissjóði. M.v. hreina eign samtals í árslok er hún 8,43%

2) Reiknuð m.v. sömu forsendur og ¹⁾. M.v. hreina eign í árslok er hún 3,36%.

3) Reiknuð m.v. sömu forsendur og ¹⁾. M.v. hreina eign í árslok er hún 5,07%.



Lífeyrissjóður bænda
Bændahöllinni við Hagatorg
107 Reykjavík
Sími 563 0300 – Fax 561 9100
Heimasíða: www.lsb.is